

Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs Landspítala 2003-2004

Gyða Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur
formaður hjúkrunarráðs
-aðalfundur hjúkrunarráðs 6. október 2004

Fundarstjóri, góðir fundarmenn!

Er ég stóð hér fyrir um réttu ári síðan talaði ég um að sameiningu spítalans væri nú að mestu lokið og innra starfið tæki við. Það er að ýmsu leyti rétt, þótt enn eigi eftir að stíga nokkur mikilvæg skref í átt að sameiningu. Hins vegar er ég enn á þeirri skoðun að innra starfið er það sem áhugi starfsmanna og þá ekki síður hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra hefur beinst að,- sífellt er verið að leita leiða í að bæta þjónustuna. Stundum finnst okkur þó að við fáum ekki þann frið sem okkur finnst nauðsynlegur til að einbeita okkur að faglegum málefnum því nú sem aldrei fyrr hefur mikil áhersla verið lögð á að spítalinn haldi sér innan þess fjárhagsramma sem honum er settur af ríkisstjórn. Það er sjálfsagt og eðlilegt að veita okkur aðhald, en það hvín í og á að gera það þegar við þurfum að taka þátt í skerðingu á þjónustu til sjúklinga spítalans,- en ég kem nánar að þessu síðar.

Stjórn hjúkrunarráðs hefur á síðasta starfsári verið skipuð eftirfarandi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum auk formanns sem hér stendur:

Lovísu Baldursdóttur varaformanni

Helgu Sigurðardóttur ritara

Ólöfu Másdóttur fulltrúa öldrunarsviðs og fyrir hana kom Sigrún Gunnarsdóttir sem varamaður á miðjum vetri.

Huldu Bergvinsdóttur fulltrúa endurhæfingarsviðs

Ingu Guðbjartsdóttur fulltrúa skurðlækningasviðs

Sigrúnu Þóroddsdóttur fulltrúa barnasviðs

Unni Friðriksdóttur fulltrúa kvennasviðs

Gunnari Helgasyni fulltrúa svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviðs

Christer Magnusson fulltrúa hjúkrunarfræðinga sem starfa utan sviða

Ester Sigurbergisdóttur fulltrúa lyflækningasviðs I

Svandísi Matthíasdóttur fulltrúa Lyflækningasviðs II

Diönu Liz Franksdóttur fulltrúa geðsviðs og

Bryndísi Guðjónsdóttur fulltrúa slysa- og bráðasviðs

Stjórnin hefur haldið 17 fundi en til viðbótar hafa formaður og varaformaður hist óformlega vegna einstakra mála. Auk þess hefur formaður setið fundi hjúkrunarforstjóra og sviðsstjóra hjúkrunar vikulega og sótt nokkra stjórnarnefndarfundi. Verkefni eru af ýmsum toga og skal helstu þeirra getið hér.

Af málum sem fyrri stjórn hafði afskipti af og lauk nú á árinu var seta formanns í ferliverkanefnd. Ferliverkanefndin starfaði í 1 1/2 ár og lauk vinnu sinni með skýrslu sem gefin var út í júní nú 2004. Í þeirri skýrslu koma fram ýmsar tillögur varðandi uppbyggingu ferliverkastarfsemi á spítalanum. Þar er m.a. hvatt til eflingar á göngudeildarstarfsemi og sjáum

við það nú þegar vera að gerast. Þarna eru fjölmörg tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður og hafa þeir þegar tekið áskoruninni og t.d. opnað göngudeildir fyrir hjartasjúklinga og fleiri eru í undirbúningi.

Í þessu sambandi má nefna að Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri stofnaði stýrihóp um stefnumótun hjúkrunar á göngudeildum í lok síðasta árs. Meginmarkmið þeirrar vinnu er að efla og auka þá hjúkrunarmeðferð sem þegar er veitt á göngudeildum en um leið að leggja niður þá göngudeildarstarfsemi sem fer fram inni á legudeildum. Þessi hópur, þar sem í sitja 7 hjúkrunarfræðingar mun skila tillögum að stefnu innan skamms. Við eigum að fylgjast grannt með þessu máli, huga að á hvern hátt við getum lagt aukinni göngudeildarþjónustu lið því nóg eru tækifærin.

Fyrir um 2 árum hreyfði stjórn hjúkrunarráðs því máli að betur mætti standa að útskriftum sjúklinga af spítalanum. Seint á síðasta ári skipuðu hjúkrunarforstjóri og lækningaforstjóri þverfaglega nefnd til að fara yfir þau mál. Formður hjúkrunarráðs veitti þeirri nefnd forstöðu og skilaði hún skýrslu 10. des. sl. Nú hefur verið stofnað útskriftar- og öldrunarteymi við spítalann en meginmarkmið teymisins eru að samræma útskriftir og undirbúning þeirra, auka gæði í þjónustu, styðja við og fræða starfsfólk bráðadeilda, halda saman upplýsingum og hafa yfirsýn um málefni sjúklings. Stofnun þessa teymis er mikið fagnaðarefni og verður eflaust til mikilla bóta fyrir sjúklinga.

Fyrir um ári síðan við sama tækifæri tilkynnti ég að opnun heimasíðu hjúkrunarráðs yrði á allra næstu dögum. Það gekk eftir og er nú veruleiki. Á heimasíðu er að finna ýmsar upplýsingar um hjúkrunarráð s.s. starfsreglur ofl. en einnig eru þar fundargerðir stjórnar, þau bréf, umsagnir og ályktanir sem stjórn hefur látið frá sér fara o.fl. Þetta er til bóta, því nú geta hjúkrunarfræðingar og ljósmæður spítalans fylgst með starfi stjórnar, en einnig í gegnum þetta er þeim gert kleift að sjá hvaða málum er verið að vinna að. Ég minntist á það fyrir ári síðan hversu margir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður eiga nú enn eftir að sækja um pósthöng innan stofnunarinnar og vil ég enn minna á það og hvetja menn eindregið til að verða sér úti um pósthöng innan spítalans, því það auðveldar stjórn að ná sambandi við meðlimi hjúkrunarráðs.

Stjórn hjúkrunarráðs var beðin um að gefa umsögn um drög að reglum um aðgangsheimilir starfsmanna að klínískum upplýsingum, en það tengist undirbúningi að uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár. Stjórnin kom með nokkrar athugasemdir við drögin og fagnaði því að nú skuli hilla undir reglur af þessu tagi.

Þá leitaði heilbrigðis-og trygginganefnd Alþingis eftir umsögn hjúkrunarráðs vegna tillögu til þingsályktunar um nýbyggingu við Landspítala - háskólasjúkrahús. Það var stjórn mikið fagnaðarefni að fá að gefa umsögn um það mikilvæga mál og koma þannig á framfæri viðhorfi hjúkrunarfræðinga. Það að nefnd Alþingis skuli leita til ráðsins með umsögn finnst stjórninni gefa til kynna að hjúkrunarráð er að festa sig í sessi og vitneskja um tilvist þess að verða kunn.

Stjórn var beðin um að gefa umsögn um drög að reglum um kynningar á tækjum, rekstarvörum og þjónustu á LSH og samskipti kynna og starfsmanna spítalans. Stjórnin hafði ekki miklar athugasemdir við drögin og helgaðist kannski af því að formaður sat í nefndinni sem bjó þau til. Við umræðu þessa máls komu hins vegar upp talsverðar vangaveltur varðandi gestakomur á spítalann og hvaða reglur og eða venjur væru í því sambandi. Stjórnin ákvað því í svarbréfi sínu

að hreyfa því máli, því huga þarf að því hvort ekki þarf að setja um gestakomur almennar reglur til að verja sjúklinga fyrir óþarfa ágangi. Ekki er hugmyndin að meina gestum að heimsækja spítalann, en hins vegar er full þörf á því að menn gæti hófs í þessu sem öðru.

Stjórn hjúkrunarráðs höfðu sl. haust borist nokkur erindi er öll tengdust á einn eða annan hátt þjónustu við sjúklinga spítalans og ótta við að öryggi og hagsmunum sjúklinga væri verulega ógnað. Því ritaði stjórnin framkvæmdastjórn spítalans bréf þann 4. desember sl. þar sem fjallað var um öryggi sjúklinga spítalans. Þar var m.a. komið inn á slaka mönnun deilda, þrengsli, skorti á einangrunaraðstöðu og geymsluplássi. Þá væru reglur um eldvarnir og öryggi á vinnustað brotnar. Stjórnin lagði til að þá þegar yrði hafist handa við að tryggja öryggi sjúklinga. Talsvert eigum við í land með að þetta takist en rétt er að fagna því að nú er í burðarliðnum stofnun atvikanefndar á Landspítala. Í undirbúningsnefnd á varaformaður stjórnar Lovísa Baldursdóttir m.a. sæti og hef ég heyrt það frá henni að þau í undirbúningshópnum vænta mikils af þessari nefnd og má líta á stofnun hennar sem mikilvægan þátt í þeirri viðleitni spítalans að tryggja öryggi sjúklinga. Í því sambandi langar mig að geta þeirrar miklu ábyrgðar sem er lögð á herðar okkar allra að skrá þau atvik sem verða í okkar starfi því það er algjör undirstaða þess að eitthvað sé hægt að bæta úr. Ég veit það fyrir víst að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður, sem og aðrir starfsmenn, hafa ekki tekið það nógu föstum tókum að skrá atvik, en ég vil nú brýna menn til að gefa þessu gaum, skrá atvikið og benda þannig á hvað gerðist og ekki síst hvers vegna.

Formaður hjúkrunarráðs hefur nokkrum sinnum verið tilkvaddur til að kynna hjúkrun, bæði nám og starf, fyrir bæði grunn- og framhaldskólanemum sem hafa heimsótt spítalans. Það er einstaklega skemmtilegt verkefni en talsvert er um að nemendur sækji til spítalans í starfskynningu. Kynningarmál spítalans almennt eru einnig til skoðunar og til er nefnd, kynningarnefnd, þar sem formaður á sæti, sem hefur tekið til umfjöllunar hvernig staðið skuli að kynningu almennt á spítalanum. Gefa þarf út bæklinga með upplýsingum, en einnig þarf að vera til mynd, sem gefur glögga mynd af þeirri viðmiklu starfsemi sem rúmast innan veggja stofnunarinnar. Á starfsárinu var einnig starfrækt nefnd, undir stjórn fulltrúa sjúklinga sem þá var, Ingibjargar Pálmadóttur, sem í áttu sæti auk hennar formenn hjúkrunar- og læknaáráðs og upplýsingafulltrúi spítalans Jón Baldvin Halldórsson. Þessi nefnd vann að því að opna spítalann fyrir almenningi og leyfa hinum almenna borgara að skyggjast inn í hann. Starfsmenn tóku mjög virkan þát í þessu verkefni og afrakstur þess var m.a. opið hús bæði á kvennadeild og Landakoti. Talsvert efni var einnig kynnt á Stöð 2 tengt spítalanum t.d. fylgst með sjúklingi sem fór í skuðaðgerð á mjöðm o.fl. Þetta var afar áhugavert verkefni, en því miður lauk Ingibjörg störfum á þessu ári og nefndin ekki starfað síðan. Það er mikill akkur fyrir stofnun sem þessa að opna starfsemina af og til fyrir almenningi svo menn geri sér betur grein fyrir því mikla starfi sem hér er unnið.

Stýrinefnd um notendavinnu vegna byggingar nýs spítala tók til starfa á þessu ári. Hún kynnti fyrir hjúkrunarráði starf sitt í mars á þessu ári og síðan aftur í júlí sl. Stjórn var síðan boðið að vera með á nokkrum fundum stýrinefndarinnar þar sem verið var að skila inn álit frá sviðum. Þá óskaði stýrinefndin eftir að hjúkrunarráð fjallaði um fyrstu drög að skýrslu nefndarinnar og gæfi álit. Því var skilað inn í september sl. Ég vil nota þetta tækifæri og lýsa yfir ánægju minni með samstarf stýrinefndarinnar við hjúkrunarráð, því mikilvægt er að vera með í umræðunni um svo stórt mál og fá að leggja þar lóð á vоргarskálina.

Einna fyrirferðamest á síðasta starfsári stjórnar voru mál sem tengdust aðgerðum til samdráttar í rekstri, þegar ljóst varð að talsvert mikið gap var á milli þessa fjármagns sem spítalinn taldi sig þurfa og þess sem honum var skammtað af ríkisvaldinu. Vitneskjan um þetta kom starfseminni hér á þessari stofnunin í mikið uppnám og þurfti í kjölfarið að grípa til ýmissa aðgerða sem margar hverjar höfðu í för með sér skerðingu á þjónustu til sjúklinga. Stjórn hjúkrunarráðs ákvað að leita samstarfs við lækna ráð og starfsmannaráð vegna þess að ljóst var strax að þessar aðgerðir myndu hafa áhrif á alla starfseminna á einn eða annan hátt. Formenn ráðanna hittumst á nokkrum fundum. Við störfuðum m.a. með stéttarfélagunum sem tóku þetta mál föstum tökum, en vorum þar ekki til að fjalla um kjaramál, heldur sem faglegir fulltrúar til að benda á að öryggi sjúklinga gæti verið stefnt í hættu með þeim uppsögnum sem fyrirhugaðar voru ásamt skerðingu á þjónustu við þá.

Ályktun var send frá hjúkrunarráði sama dag og ljóst varð til hvaða aðgerða framkvæmdastjórn hafði ákveðið að grípa en það var í janúar á þessu ári. Þá var haldinn almennur fundur hjúkrunarráðs þann 4. febrúar til að ræða stöðu LSH í ljósi fjárveitinga til hans. Óþarft er hér að tíunda það umrót sem allt þetta hafði í för með sér fyrir þessa stofnun, öllum hér er það vel kunnugt. Hins vegar er mikil þörf á því að við leitum alltaf allra leiða til að koma til skila hversu mikilvæg sú starfsemi

sem hér er er fyrir fólkið í landinu og um leið og við öllum eigum að standa vörð um að vel sé farið með fjármagn, eigum við erfitt með að setta okkur við að dragast aftur úr í að veita fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu enda er það mér og sjálfsagt fleirum það verulega til efs að það sé það sem fólkið í landinu vill. Við skattgreiðendur greiðum heilbrigðisþjónustuna og við viljum og eigum að eiga tilkall til hennar þegar á bjátar. Þetta er einn af stóru kostum þess að búa í velferðarríki eins og okkar. Við verðum auðvitað eins og áður að leita bestu leiða, snúa öllum steinum við, kíkja bak við hurð og út við glugga og ekki skilja neinn stað eftir. Hvar er hægt að skera niður hvar getum við gert betur en allt verður það að vera gert með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi, við erum hér fyrir þá.

Í kjölfar funda með formanni lækna ráðs áttum við nokkra fundi sem tengdust aðhaldsaðgerðum. Við formenn ráðanna ákváðum að senda stjórnarnefnd bréf þar sem við reifuðum m.a. hugmyndir okkar um framtíðaruppbyggingu spítalans. Þar erum við sammála um að eitt mikilvægt skref sé eftir við sameiningu spítalans en það er það stóra skref að koma bráðamóttöku spítalans undir eitt þak. Til þess þarf nýbyggingu og teljum við það afar brýnt að hefjast nú strax handa við að undirbúa byggingu hennar. Við fórum einnig á fund heilbrigðisráðherra og kynntum honum hugmyndir okkar ásamt því að ræða um starfseminna á spítalanum almennt við hann. Þá fórum við einnig á nokkra fundi með skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu til að ræða þessi mál. Einnig hittum við Ingólf Þórison framkvæmdastjóra skrifstofu tækna og eigna til að fá frekari hugmyndir um á hvaða stigi byggingarmál spítalans væru. Þá stóðu m.a. yfir samningar við Reykjavíkurborg um færslu Hringbrautar en öllum er nú fullljóst að þeim samningum er lokið með tilheyrandi raski hér við Hringbrautina. Í því sambandi er einnig rétt að geta þessa að við formenn ráðanna vorum í samabandi við forystumenn samtakanna "Betri byggð", en þau höfðu mikinn áhuga á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við starfsmenn spítalans.

Annað fyrirferðamikið mál á starfsárinu var endurskoðun stjórnskipulags spítalans. Stjórn hjúkrunarráðs sendi stjórnarnefnd bréf varðandi það mál í byrjun mars sl. Í lok mars var síðan skipuð nefnd til að endurskoða stjórnskipulagið. Nefndin kallaði til sín til skrafs og ráðagerða fjölda manns og m.a. formann hjúkrunarráðs. Nefndin skilaði síðan skýrslu í sumar. Skýrslan og álit framkvæmdastjórnar var síðan lagt fyrir stjórnarnefnd um miðjan ágúst og voru formenn

hjúkrunar- og læknaáæðs boðnr á þann fund. Þar kom fram talsverð óánægja frá báðum formönnum um að afrakstur þessarar vinnu skyldi ekki fela í sér ákveðnari tillögur til breytinga en raun bar vitni. Vorum við í kjölfarið beðin um að senda stjórnarnefnd álit ráðanna. Stjórn hjúkrunarráðs brást við því og sendi álit sitt til stjórnarnefndar þann 6. september sl. Það er eins og annað sem hér hefur verið drepið á að sent hafi verið er allt að finna á heimasíðu hjúkrunarráðs á vef spítalans.

Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri bauð formanni hjúkrunarráðs að sitja fundi sem hún átti með hjúkrunardeildarstjórum spítalans um endurskoðun á stjórnskipulaginu. Þarna var alls um að ræða einn fund með hverju sviði spítalans. Þetta voru mjög skemmtilegir fundir þar sem deildarstjórar komu á framfæri sinni sýn á stjórnskipulagið og var athyglisvert að sitja þessa fundi og fá þannig innsýn inn í hvernig þessi mál líta út frá hverjum og einum deildarstjóra. Allir áttu það sameiginlegt að leggja mikla áherslu á hversu mikilvægt það væri að hafa 2 sviðsstjóra yfir hverju sviði. Það fyrirkomulag fannst þeim hafa reynst vel. Rannsóknir hafa enda sýnt að tengsl eru á milli gæða þeirrar þjónustu og þess að fagstéttir hafi sjálfræði og því sjálfsagt að stjórnun sviða endurspegli slíkt. Nefndin sem sá um að endurskoða stjórnskipulagið komst að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að gera grundvallarbreytingar á stjórnun sviða nú og því ber að fagna.

Talandi um sjálfræði og sjálfstæði stétta er mikilvægt að við hjúkrunarfræðingar og ljósmæður reynum öll sem eitt að leggja eflingu fagstéttarinnar lið. Rannsóknir verðum við að stunda og við eigum að hjálpast að við það. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður sem vinna við rúm sjúklingsins ef svo má segja, hafa bestu þekkinguna á því hvaða vitneskju vantar við hjúkrun sjúklingsins. Þeir verða að koma með hugmyndirnar, þeir vita hvað við þurfum og eiga að benda á það. Það eru síðan margir aðilar sem gjarna vilja leggja rannsóknum lið og hafa gert það. Má þar m.a. nefna vinnu dr. Helgu Jónsdóttur nýs prófessors í hjúkrun. Hún kynnti vinnu sína m.a. með starfsfólki spítalans og þá einkum á lungnadeild í erindi er hún hélt á Hátíðarsal Háskóla Íslands í síðustu viku í tilefni afmælis hjúkrunarfræðideildar og þess að Helga fékk nú í byrjun sumars framgang í starf prófessors við hjúkrunarfræðideild H.Í. Helga hefur ásamt starfsfólki lungnadeildar um árabil stundað rannsóknir er tengjast hjúkrun lungnasjúklinga og hefur þannig stuðlað að þekkingarsköpun í hjúkrun. Hún talar reyndar um þekkingarsköpun sem breyti vandamálum í tækifæri. Nú sé orðin til ákveðin þekking og við þurfum að fara áfram frá skilningi til úrræðis, bæta ástand, gera betur. Erindi Helgu var mikil hvatnig til okkar allra sem vinnum við hjúkrun og hvernig við getum lagt auknum rannsóknum lið.

Sumir gætu e.t.v. sagt að enginn tími sé til að stunda rannsóknir og ég get vel sett mig í spor þeirra. Ég tel hins vegar að menn hafi e.t.v. ekki komið auga á hversu mikið samvinnuverkefni rannsóknir eru og mikilvægt að tengja saman hjúkrunarfræðideild og spítalann e.t.v. m.a. í gegnum forstöðumenn fræðasviða sem gætu verið hlekkurinn sem vantar í keðjuna til að láta hjólin fara að snúast enn betur. Ég get nefnt sem dæmi að a.m.k. 2 hugmyndir sem komu frá deild um efni sem þyrfti að skoða fyrir þá deild eru núna orðin að lokaverkefni BSc nemenda í hjúkrunarfræðideild. Þá lítum við einnig til þess að á þessu ári hefur verið ráðið í 4 stöður klínískra sérfræðinga og því ber að fagna, því þetta er eitt af þeim málum sem hjúkrunarráð hefur lagt áherslu á.

Þá er einnig mikilvægt að við gerum okkur öll grein fyrir mikilvægi hvers annars. Nokkuð hefur borið á óánægjuröddum innan okkar vébanda þar sem menn eru jafnvel að efast um að þeir sem ekki starfi við beina hjúkrun séu að vinna eitthvert starf sem að gagni má koma. Undarlegustu athugasemdir hefur maður heyrt í þessu sambandi, sumpart vegna álags og þreytu að ég tel en

sumpart vegna hugsunarleysis.

Við þurfum afbragðsfólk til að sinna sjúklingum okkar. Við þurfum einnig afbragðsfólk til að hjálpa til við að það sé sem best gert. Það þarf aðstoð við að manna deildir, sjá um aðdrætti, vistir, ákveða rekstur og nýjar leiðir í rekstrinum. Við þessa aðstoð er að mínu mati dýrmætt að hafa fólk sem vit hefur á þeirri starfsemi sem fram fer inni á deildunum, veit hvað máli skiptir, getur sett sig í spor þeirra sem standa í fremstu víglínu og stutt við bakið á þeim. Við þurfum einnig afbragðsfólk til að tala okkar máli, máli hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Við þurfum fólk sem vill sitja fyrir okkar hönd í nefndum og ráðum, vera okkar fulltrúar og koma okkar sjónarmiðum að, tala okkar máli. Hvert einasta starf er mikilvægt, hvert einasta okkar hefur ákveðið hlutverk, hvert einasta okkar þarf að beita sér á sínum vettvangi.

Að framansögðu er ljóst að ýmis mál hafa verið tekin fyrir og verið í umræðunni þótt ýmsir þættir tengdir aðgerðum til samdráttar í rekstri hafi e.t.v. verið einna fyrirferðamestir. Nú eru enn blikur á lofti og líklegt að enn þurfi að herða sultarólina. Þá kemur til okkar kasta hér að standa vörð um þjónustuna við sjúklinga.

Það þarf stundum hugrekki til að vera talsmaður sjúklings, það hefur líka alltaf þurft hugrekki til að standa á sínu og segja sína skoðun, stundum á móti straumnum. Það má þó aldrei verða til þess að við óttumst að segja okkar meiningu, styðja hana rökum og standa fyrir hana. Mér verður í þessu sambandi hugsað til Guðrúnar nokkurar Jónsdóttur sögupersónu Halldórs Laxness í Sögunni af brauðinu dýra. Eins og flestir þekkja þá var hún send af bæ til að sækja brauð úr seyðslu í hverasandi ekki langt frá bænum. Hún villtist síðan í þokunni, en fannst eftir fáeina sólarhringa, haldandi á skjólunni með brauðinu í, sem hún hafði ekki snert þótt gera mæti ráð fyrir að hún hafi verið orðin nokkuð hungruð. Aðspurð seinna hvers vegna hún hefði ekki snert brauðið svaraði hún: "Því sem manni er trúað fyrir, því er manni trúað fyrir" þá var hún spurð hvort maður gæti aldrei verið of húsbóndahollur. Þá svaraði hún því til: "Getur nokkur nokkurn tíma verið nokkrum trúr nema sjálfum sér?"

Slíkt hugrekki sem þessi kona hafði vona ég að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hafi, vera sjálfum sér trú og vita alltaf fyrir hvað maður vill standa.

Takk fyrir.